

Ed.

931. Frumvarp til laga

um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhlj. þskj. 831 með þessari breytingu:

13. gr. hljóðar svo:

Engan gjaldeyri má láta af hendi án leyfis innflutnings- og gjaldeyrisdeildar, nema greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vexti og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einir kauparétt á erlendum gjaldeyri.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f þannig, að hinn síðarnefndi fái einn þriðja gjaldeyris, ef hann óskar, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, er hvor banki fær, getur ríkisstjórnin breytt, ef báðir bankarnir samþykkja. Enginn hefur rétt til að selja erlendan gjaldeyri nema Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f. Þó er pósthjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ríkisstjórnin setur.

Ef gjaldeyrisleyfi hafa á einhverjum tíma verið veitt fyrir hærri upphæð en þá er til í erlendum gjaldeyri, skal ákveða af nefnd — millibankanefnd —, í hvaða röð leyfin skuli afgreidd, og er þá óheimilt að afgreiða þau í annarri röð.

Ráðherra skipar millibankanefnd þannig, að einn er skipaður í nefndina samkvæmt tilnefningu hvors banka og einn án tilnefningar.

Bannað er að flytja íslenzkan eða erlendan gjaldmiðil úr landi, nema nauðsynlegan farareyri, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur.

Ráðherra setur með reglugerð fyrirmæli til tryggingar því, að íslenzk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna. Enn fremur ákvæði um það, að allur annar gjaldeyri, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.